

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 6. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun. (555.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér sameiningu Vinnueftirlitsins og Vinnumálastofnunar í eina stofnun, Vinnumarkaðstofnun.

Viðskiptaráð styður að baki hugmyndum um hagræðingu hjá ríkisvaldinu. Líklega hefur aldrei verið meiri þörf fyrir hagræðingu og aðhaldi í fjármálum stjórnvalda en í dag. Ein af þeim leiðum sem fær er til hagræðingar innan stjórnslunnar og Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld til að nýta enn frekar er sameining og tilfærsla stofnana. Sagan hefur einmitt sýnt okkur að sameining í hagræðingarskyni leiðir í flestum tilvikum til sparnaðar.

Sú sameining sem hér er lögð til ætti að skila sér bæði í rekstrarlegri hagræðingu auk þess sem hún ætti að fela í sér eflingu á því starfi sem stofnunni er ætlað. Sameining ætti að skila sér í skilvirkari starfi og betri heildarsýn á því starfi sem áður fór fram í tveimur stofnunum. Gæta verður þess þó að ekki sé farið inn á svið annarra stofnana og fyrirtækja og vinna þeirra gerð enn flóknari.

Viðskiptaráð vill benda á að frekari hagræðingu er hægt að ná með auknu samstarfi við aðila í atvinnulífinu og útvistun verkefna til sérfræðinga og ráðgjafa. Samkvæmt lýsingu frumvarpsins á verkefnum Vinnumarkaðsstofnunar er stofnunni ætlað veigamikil þjónustu og ráðgjafarstarf ásamt rannsóknum og þróun. Hlutverk stofnunarinnar er því komið inn á svið margvíslegra ráðgjafa sem á hverju sviði fyrir sig eru sérfræðingar og með því að nýta vinnu þeirra mætti gera starf stofnunarinnar enn skilvirkari. Undirrituð telur því að til að ná fram frekari hagræðinu í kostnaðarliðum og til að gera starf nýrrar stofnunar skilvirkara og gagnsærra sé hagkvæmast að leita til sérfræðinga og ráðgjafa utan stofnunarinnar þegar því verður komið við.

Tilfærsla og hagræðing eins og sú sem ofangreint frumvarp mælir fyrir skilar til ríkissjóðs hagræðingu án þess að komi til skerðingar á þjónustu þeirri sem þessar stofnanir veittu almenningi. Um mjög mikilvæga stofnun er að ræða, sérstaklega á þessum erfiðu tímum í þjóðfélagi okkar þar sem atvinnuleysi er meira en nokkurn tíman áður í sögu landsins.

Viðskiptaráð leggur til að ofangreint frumvarp nái fram að ganga

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands